



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um samþykkt samkomulags við Sjúkratryggingar Íslands um framlengingu samnings um fjármögnun á rekstri neyslurýmis og samnings við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis

Á fundi velferðarráðs þann 30. apríl 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um samþykkt samkomulags við Sjúkratryggingar Íslands um framlengingu samnings um fjármögnun á rekstri neyslurýmis og samnings við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki annars vegar samkomulag um framlengingu samnings milli Sjúkratrygginga Íslands og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna fjármögnunar á rekstri neyslurýmis vegna skaðaminnkandi þjónustu og hins vegar samning á milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis.

Sjúkratryggingar Íslands munu fjármagna rekstur neyslurýmis í eitt ár til 30. apríl 2026 með 57,2 m.kr. Reykjavíkurborg ber engan kostnað vegna samnings við Rauða krossinn um rekstur neyslurýmis, þar sem Sjúkratryggingar Íslands leggja fé til rekstrarins.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að mæta fólki þar sem það er statt og hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar gert samninga við Sjúkratryggingar Íslands, um fjármögnun á rekstri neyslurýmis vegna skaðaminnkandi þjónustu fyrir jaðarsetta einstaklinga sem nota reglubundið vímuefni í æð sem og önnur ávanabindandi lyf. Hér er verið að samþykkja að framlengja samning milli Sjúkratrygginga Íslands og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna fjármögnunar á rekstri neyslurýmis vegna skaðaminnkandi þjónustu og hins vegar samning á milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis. Reykjavíkurborg ber engan kostnað vegna samnings við Rauða krossinn um rekstur neyslurýmis, þar sem Sjúkratryggingar Íslands leggja fé til rekstrarins. Skaðaminnkandi nálgun er mennsk leið til að mæta einstaklingum og nærsamfélaginu í heild.

Tillagan er hér með send borgarráði.



Virðingarfyllst,
Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um samþykkt samkomulags við Sjúkratryggingar Íslands um framlengingu samnings um fjármögnun á rekstri neyslurýmis og samnings við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis, lögð fram á fundi velferðarráðs 30. apríl 2025.

Samkomulag um framlengingu á samningi milli Sjúkratrygginga Íslands og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda, dags. 8. apríl 2025.

Samningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauðakrossins á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis, dags. 23. apríl 2025.



Reykjavík



Reykjavík, 28. apríl 2025

VEL25030048

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Samþykkt samkomulags við Sjúkratryggingar Íslands um framlengingu samnings um fjármögnun á rekstri neyslurýmis og samnings við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis

Lagt er til að velferðarráð samþykki annars vegar samkomulag um framlengingu samnings milli Sjúkratrygginga Íslands og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna fjármögnunar á rekstri neyslurýmis vegna skaðaminnkandi þjónustu og hins vegar samning á milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis.

Sjúkratryggingar Íslands munu fjármagna rekstur neyslurýmis í eitt ár til 30. apríl 2026 með 57,2 m.kr. Reykjavíkurborg ber engan kostnað vegna samnings við Rauða krossinn um rekstur neyslurýmis, þar sem Sjúkratryggingar Íslands leggja fé til rekstrarins.

Greinargerð:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur gert samninga við Sjúkratryggingar Íslands, um fjármögnun á rekstri neyslurýmis vegna skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda. Samningarnir eru gerðir á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sbr. reglugerð nr. 170/2021 um neyslurými. Samningar um rekstur neyslurýmis taka til þjónustu á vettvangi sem byggir á hugmyndafræði skaðaminnkunar og skal vera sérstaklega sniðin að þörfum jaðarsettra einstaklinga sem nota reglubundið vímuefni í æð.

Samhliða samningum við Sjúkratryggingar Íslands hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar gert samninga um rekstur neyslurýmis við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu, á grundvelli laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og í samræmi við 4. gr. reglugerðar um neyslurými nr. 170/2021, þar sem kveðið er á um heimild sveitarfélags til að gera samning við félagasamtök eða heilbrigðisstofnanir um rekstur neyslurýmis.

Í samningum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins kemur m.a. fram að Rauði krossinn taki við öllum skyldum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar varðandi rekstur neyslurýmis.

Markmið með rekstri neyslurýmis er að koma í veg fyrir ótímabær dauðsföll og auka lífsgæði þeirra sem nota vímuefni í æð. Hér er um að ræða mannréttindamiðaða nálgun sem byggir á að draga úr skaða og aðstoða einstaklinga á þeirra eigin forsendum. Um



Reykjavík



leið og dregið er úr skaðlegum afleiðingum sem fylgja neyslu ávana- og fíkniefna er ekki aðeins verið að hjálpa einstaklingunum sjálfum heldur einnig aðstandendum og nærsamfélaginu. Í þeim löndum þar sem neyslurými eru til staðar hefur dauðsföllum sem rekja má til notkunar vímuefna í æð fækkað.

Árin 2021-2022

Á 415. fundi velferðarráðs þann 17. nóvember 2021 var samþykkt tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að samþykkja samning við Sjúkratryggingar Íslands um fjármögnun neyslurýmis að fjárhæð 50 m.kr. sem gerður var í kjölfar setningar reglugerðar nr. 170/2021 um neyslurými. Í framhaldinu gerði velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekstrarsamning við Rauða krossinn um rekstur neyslurýmis í bifreið frú Ragnheiðar. Úrræðið gekk undir heitinu "Ylja".

Á 424. fundi velferðarráðs þann 9. mars 2022 var samningur velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við Rauða krossinn samþykktur. Borgarráð samþykkti í framhaldinu tillögurnar. Gildistími samninganna var til eins árs til og með 31. desember 2022.

Árin 2023-2024

Í mars 2023 lét Rauði krossinn af rekstri neyslurýmisins í bifreið frú Ragnheiðar, enda taldi félagið aðstöðuna hvorki forsvaranlega fyrir notendur né starfsfólk. Leit hófst að heppilegu húsnæði fyrir neyslurými.

Árin 2024-2025

Á 480. fundi velferðarráðs þann 15. maí 2024 var samþykkt tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að samþykkja samninga við Sjúkratryggingar Íslands um fjármögnun neyslurýmis að fjárhæð 55,1 m.kr. og Rauða krossinn um rekstur neyslurýmis fyrir sömu fjárhæð vegna skaðaminnkandi þjónustu að Borgartúni 5 í Reykjavík. Húsnæðið er í eigu Ríkissjóðs. Samningarnir gilda til og með 30. apríl 2025. Borgarráð samþykkti í framhaldinu tillögurnar.

Árin 2025-2026

Gerð er tillaga um að velferðarráð samþykki samkomulag um framlengingu samnings Sjúkratrygginga Íslands við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Sjúkratryggingar Íslands munu fjármagna rekstur neyslurýmis í eitt ár til 30. apríl 2026 með 57,2 m.kr.

Gerð er tillaga um að velferðarráð samþykki einnig samning velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu um sömu fjárhæð vegna áframhaldandi reksturs neyslurýmis að Borgartúni 5 í Reykjavík.

Báðir samningarnir voru undirritaðir með fyrirvara um samþykki velferðarráðs og borgarráðs, sem og staðfestingu heilbrigðisráðherra.

Fylgiskjöl:

Samkomulag um framlengingu samnings milli Sjúkratrygginga Íslands og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um neyslurými fyrir skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda, apríl 2025.

Samningur milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis, apríl 2025.



Reykjavík

Samkomulag um framlengingu á samningi

Samningur milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), kt. 650309-0220, og Velferðarsviðs Reykjavíkur kt. 440472-0609 um skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda, dags. 8. apríl 2024 er með samkomulagi þessu framlengdur til og með 30. apríl 2026.

Eftirfarandi breyting er gerð á samningnum:

1. mgr. 6. gr. samningsins orðist svo:

„Þjónusta skv. samningi þessum er sjúkratryggðum að kostnaðarlausu. Fyrir þjónustu skv. samningi þessum greiða Sjúkratryggingar verksala gegn framlögðum reikningi kr. 28.624.450 kr.,- í ágúst 2025 og í febrúar 2026 kr. Samtals kr. 57.248.900,-

Reykjavík, 8. apríl 2025

Samkomulag þetta er undirritað með rafrænum hætti.

Undirritunarsíða

F.h. Sjúkratrygginga Íslands
Birgitta Gunnarsdóttir

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkur
Þorsteinn Gunnarsson

F.h. Sjúkratrygginga Íslands
Guðlaug Björnsdóttir

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík (í samningi þessum nefnt þjónustukaupi) og Rauði krossinn á Íslandi, kt. 530269-2649 Efstaleiti 9, 103 Reykjavík (í samningi þessum nefndur þjónustusali) gera með sér svohljóðandi

S A M N I N G **um rekstur neyslurýmis**

1. gr. **Gildissvið**

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni með síðari breytingum og reglugerðar nr. 170/2021 um neyslurými.

Samningurinn tekur til þjónustu á vettvangi sem byggir á hugmyndafræði skaðaminnkunar og skal vera sérstaklega sniðin að þörfum jaðarsettra einstaklinga sem nota reglubundið vímuefni í æð.

Gildistími samnings þessa er eitt ár, sbr. nánar 15. gr. samningsins.

Þjónustukaupi undirritaði samning við Sjúkratryggingar Íslands þann 23. apríl 2025, þar sem fram kemur að þjónustukaupa sé heimilt að fela þjónustusala þ.e. Rauða krossinum, að taka við öllum skyldum þjónustukaupa, þ.e. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Í samræmi við 2. gr. a. laga um ávana og fíkniefni nr. 65/1974 sótti þjónustukaupi um leyfi fyrir rekstri neyslurýmis til Embættis landlæknis. Þjónustukaupi fékk ótímabundið leyfi frá Embætti landlæknis til reksturs neyslurýmis dags. 17. ágúst 2024, þar sem fram kemur að Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu sé rekstraraðili.

Samningurinn tekur til þjónustu sem byggir á hugmyndafræði skaðaminnkunar og skal vera sérstaklega sniðinn að þörfum jaðarsettra einstaklinga sem nota reglubundið vímuefni í æð.

Verkefni þau sem þjónustusali tekur að sér samkvæmt samningi þessum skulu unnin samkvæmt velferðarstefnu Reykjavíkurborgar, stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

2. gr. **Markmið og tilgangur**

Markmið með samningi þessum er að auka lífsgæði og bæta heilsufar einstaklinga sem nota reglubundið vímuefni í æð og jafnframt að draga úr notkun þessara efna utan dyra og á almannafæri. Neyslurýmið er fyrst og fremst ætlað til skaðaminnkunar, þ.e. til að draga úr heilsufarslegum, félagslegum og efnahagslegum afleiðingum notkunar vímuefna án þess að draga endilega úr notkun þeirra. Stefnt skal að því að skaðaminnkun gagnist ekki aðeins þeim sem nota efnin heldur einnig fjölskyldum þeirra, nærsamfélagi og samfélaginu í heild.

3. gr.

Þjónusta sem samið er um

Með neyslurými er einstaklingum, 18 ára og eldri, tryggt lagalega verndað umhverfi til að nota vímuefni í æð í öruggu umhverfi undir eftirliti starfsfólks þar sem gætt er fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingavarna. Aðstaða til reksturs neyslurýmis af hálfu þjónustusala mun verður í staðbundnu rými að Borgartúni 5 í Reykjavík.

Þjónustusali útvegar og ábyrgist fullnægjandi búnað til notkunar í neyslurými, s.s. á hreinum sprautubúnaði og sér um ábyrga förgun á búnaði og spilliefnum.

Þjónustan er fyrst og fremst til að sinna þörfum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir sem almennt leita í neyðarskýli Reykjavíkurborgar.

Í fylgiskjali 1 með samning þessum er að finna lýsingu á þeirri þjónustu sem veitt verður samkvæmt samningi þessum og nánar er lýst í reglugerð nr. 170/2021 um neyslurými.

4. gr.

Kröfur til þjónustusala

Þjónustusali skal afla starfsleyfis til rekstrarins frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur áður en rekstur neyslurýmisins hefst, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð nr. 170/2021 um neyslurými.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gaf út starfsleyfi til þjónustusala þann 1. ágúst 2024 til 12 ára.

Þjónustusali skal tryggja að á hverri vakt séu tveir starfsmenn, annar með menntun á sviði heilbrigðisvísinda og hinn með þekkingu á sviði skaðaminnkunar.

Þjónustusali skal veita starfsfólki sínu viðeigandi kennslu, þjálfun, endurmenntun og handleiðslu m.t.t. skaðaminnkunar og þeirrar þjónustu sem þjónustusali veitir. Skaðaminnkandi þjónusta á vettvangi skal byggja á gagnreyndri þekkingu á hverjum tíma.

Neyslurýmið skal vera þannig mannað á hverjum tíma að samtímis sé unnt að hafa eftirlit með aðgangi að því og fylgjast með neyslu og veita notendum ráðgjöf við neysluna.

Þjónustusali ber fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði, t.d. launum staðgengla vegna veikinda, námleyfum og námskostnaði ásamt hugsanlegum bótakröfum vegna starfseminnar.

5. gr.

Fjárhæðir og greiðslutilhögun

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiðir þjónustukaupi til þjónustusala, gegn framlögðum reikningnum, kr. 28.624.450,- í ágúst 2025 og í febrúar 2026 kr. 28.624.450. Samtals kr. 57.248.900, á samningstímanum.

6. gr.

Samráð og upplýsingagjöf

Aðilar skulu hafa með sér samráð á samningstímanum um þau verkefni sem samið er um.

Þjónustusali og samráðshópur á vegum Reykjavíkurborgar um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir skulu koma saman tvisvar sinnum á ári eða oftar eftir þörfum og geta báðir aðilar boðað til fundar.

Þjónustusali skal senda þjónustukaupa mánaðarlega gögn um nýtingu á neyslurýminu. Gögnin skulu sett inn í skráningarkerfi þjónustukaupa fyrir neyðarskýli á hans vegum.

Þjónustusali skal um leið og ársreikningur liggur fyrir, þó eigi síðar en 1. júní 2026, skila honum til þjónustukaupa. Ársreikningur skal innihalda sundurliðaða rekstaryfirlit, þar sem kostnaður við framkvæmd samningsins er aðgreindur frá öðrum kostnaði hjá þjónustusala.

Komi upp sú staða á samningstímanum að þjónustusali telji sér ekki unnt að standa að fullu við skuldbindingar samkvæmt samningi þessum skal þjónustukaupi tilkynnt um það án tafar.

Þjónustusali skal eftir fremsta megni leitast við að hafa samráð við notendur til samræmis við velferðarstefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir.

7. gr.

Skýrsla þjónustusala um verkefnið

Þjónustusali skal skila skýrslu um verkefnið mánuði fyrir lok samningstímans með upplýsingum um eftirfarandi atriði sem fram koma í 5. gr. reglugerðar nr. 170/2021 um neyslurými:

- a. Staðsetningu, opnunartíma og umfang þjónustu sem veitt er í neyslurými.
- b. Hvernig tekist hefur að uppfylla aðgangsskilyrði skv. 12. gr. reglugerðar nr. 170/2021.
- c. Fjölda, aldur, kyn og búsetu skráðra notenda á ári hverju og frá upphafi.
- d. Tegund og magn efna sem tilkynnt hafa verið af notendum í neyslurými.
- e. Félagslega þjónustu og heilbrigðisþjónustu og hvernig hún hefur verið nýtt.
- f. Fjölda skipta sem lyf við ofskömmtnun á ávana- og fíkniefnum hefur verið notað.
- g. Fjölda tilvísana til þjónustu utan neyslurýmis og tegundar þjónustu, svo sem vímuefna meðferðar.
- h. Helstu vandamál sem hafa komið upp og hvernig þau hafa verið leyst.

8. gr.

Þagnarskylda og meðferð upplýsinga

Allir starfsmenn á vegum þjónustusala skulu bundnir þagnarskyldu um allt það er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara hvort sem er samkvæmt lögum þar um eða eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda starfsmanna viðhelt þó þeir láti af störfum. Viðkomandi aðilar skulu undirrita sérstaka yfirlýsingu þess efnis og er gerð, framkvæmd og varðveisla slíkra yfirlýsinga á ábyrgð þjónustusala.

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái ekki aðgang að þeim.

Þagnarskylda helst þó svo að samningi milli aðila ljúki.

Við störf sín skuldbindur þjónustusali sig til að hlíta skilyrðum varðandi vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Við vinnslu upplýsinga ber þjónustusala ætíð að gæta að persónuvernd notenda og tryggja að meðalhófs sé gætt við vinnslu á viðkvæmum persónuupplýsingum, sbr. persónuverndarstefnu þjónustusala.

9. gr.

Ábyrgð

Þjónustusali skal hafa lögboðnar tryggingar vegna sjúklingatryggingar og fullnægjandi starfsábyrgðartryggingar.

Ef notandi neyslurýmis eða starfsmaður þess, verða fyrir tjóni ber þjónustusali ábyrgð á tjóninu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Þjónustukaupi ber ekki ábyrgð á tjóni sem notendur eða starfsmenn á vegum þjónustusala verða fyrir í tengslum við þá starfsemi sem þjónustusali veitir samkvæmt samningi þessum.

10. gr.

Ágreiningur

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila skulu þeir leitast við að jafna ágreining sinn.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

Mál vegna ágreinings varðandi samning þennan eða framkvæmd hans skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur takist ekki að leiða hann til lykta með öðrum hætti.

11. gr.

Force majeure

Komi upp óviðráðanleg staða vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.

12. gr.

Starfsmenn

Þjónustusali skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsmenn sína og aðra sem koma að framkvæmd þjónustu samkvæmt samningi þessum. Þjónustusali skal hafa viðeigandi slysatryggingar og aðrar tryggingar fyrir alla þá aðila sem veita þjónustuna á hans vegum.

13. gr.

Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðilum er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

14. gr.

Breytingar á samningi

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

15. gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir til og með 7. apríl 2026. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar áskilur sér þó rétt til að breyta samningi þessum á samningstímanum í samræmi við þær breytingar sem Sjúkratryggingar Íslands kunna að gera á samningi sínum við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og verða þær breytingar kynntar Rauða krossinum með 30 daga fyrirvara.

16. gr.

Fyrirvarar

Fjárhæðir í samningum eru settar fram með fyrirvara um greiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Samningur þessi er undirritaður af hálfu Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki velferðarráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs.

Samningurinn tekur ekki gildi fyrr en fyrir liggur staðfesting heilbrigðisráðherra á samkomulagi Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands.

17. gr.

Undirskrift

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmið við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Fylgiskjal 1:

Lýsing á þjónustu í neyslurými:

Í þjónustu sem veitt er á grundvelli samnings þessa felst m.a. að bjóða notendum upp á almennar ráðleggingar um sprautubúnað og sprautunotkun og aðrar hættuminni aðferðir við inntöku efna. Notendum er boðið upp á almenna ráðgjöf um hreinlæti og sjálfshjálp til að koma í veg fyrir sýkingar og draga úr líkum á sjálfsskaða og gera ráðstafanir til að minnka líkur á ofskömmtnun. Dreift verður hreinum sprautubúnaði fyrir hvern notanda og tekið við notuðum sprautubúnaði til förgunar. Haft verður eftirlit með notanda í neyslurými og honum veitt einstaklingsmiðuð ráðgjöf í tengslum við neyslu.

Notanda eru að auki veittar upplýsingar um þá heilbrigðis- og félagsþjónustu sem stendur honum til boða. Auk þess er veittur sálrænn stuðningur og fræðsla um skaðaminnkun þar sem valdefling er höfð að leiðarljósi. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði skaðaminnkunar og áfallamiðaðrar nálgunar.

Neyslurýmið tekur á móti notanda sem kemur í rýmið, með eða án milligöngu tilvísunaraðila. Einstaklingur fær aðgang að neyslurými þegar hann hefur skráð sig inn sem notanda í rýminu. Við skráningu þarf hann að gefa upplýsingar um nafn, aldur, kyn og búsetu.

Með skráningu samþykkir notandi reglur neyslurýmisins. Notanda er heimilt að hafa í vörslu sinni það magn ávana- og fíkniefna sem hann ætlar að neyta í neyslurýminu og ber að kynna fyrir starfsfólki tegund og magn efnis hverju sinni.

Með skráningu samþykkir notandi einnig að starfsfólk grípi til viðeigandi ráðstafana ef um ofneyslu verður að ræða.

Notandi skal gefa upp hvaða efni hann hyggst nota og í hvaða magni, eftir því sem við á hverju sinni, til að auðvelda starfsmönnum að bregðast við ef ofskömmun á sér stað. Starfsfólki í neyslurými er óheimilt að aðstoða notendur í neyslurými við að sprauta ávana- og fíkniefnum í æð. Hið sama gildir um aðra notendur sem staddir eru í rýminu.

Í skráningu notanda felst einnig að hann samþykki að varðveittar verði upplýsingar og unnið með þær með það að markmiði að halda utan um tölfræðilegar upplýsingar fyrir skýrslugerð og til að meta áframhaldandi rekstur rýmisins. Auk þess er tilgangur skráningar að geta fylgt málum eftir ef upp kemur smit sem getur ógnað lífi og heilsu starfsmanna og notenda rýmisins.

Starfsfólk neyslurýmisins skal bera neyðarhnapp sem tengdur skal lögreglunni og unnt er að nota ef það telur sér stafa ógn af hegðun notanda neyslurýmis. Starfsfólk skal boða lögreglu til neyslurýmisins ef þangað kemur notandi með magn efna sem er umfram það magn sem notað er til einkaneyslu.

Áætlaður opnunartími að Borgartúni 5, Reykjavík er mánudaga til föstudaga frá kl. 10-16.